

### Breytingatillaga á reglugerð um félagaskipti

5. gr. Leikmenn í Deildarkeppni mega skipta milli liða innan sama félags í Deildarkeppninni án þess að hafa fullgild félagaskipti og óháð félagaskiptagluggum.

Lið í 2. deild og neðar þurfa að setja inn leikmannalista fyrir helgarmót 1 sem ekki má breyta á meðan helgarmótið fer fram. Lið þurfa svo með sama móti að setja inn nýjan lista fyrir helgarmót 2 en leikmannalistinn sem notaður er á helgarmóti 2 gildir einnig fyrir helgarmót 3, úrslitahelgina, ~~og má ekki~~ **Ekki má** færa leikmenn úr efri deild í neðri deild eftir að helgarmót ~~2~~ **1** er hafið.

Bæta má þannig við leikmönnum á **leikmann**listann úr neðri deildarliði félagsins en ekki öfugt. Einnig má bæta við leikmönnum á listann úr öðrum liðum ef fullgild félagaskipti eiga sér stað (**innan félagaskiptagluggans**). Leikmaður má þó ekki spila með fleiri en 2 liðum í Íslandsmóti á hverri leiktíð.